

Starfsreglur fagráðs Reykjalundar:

Fagráð Reykjalundar (hér eftir nefnt fagráð) er sameiginlegur vettvangur allra fagstétta er koma beint að endurhæfingu sjúklinga.

Fagráð starfar samkvæmt 13. gr. í lögum um heilbrigðisþjónustu frá árinu 2007. Þar segir fagráð *“skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar.”*

Fagráð á frumkvæði að og er vettvangur umræðna um endurhæfingu, innan stofnunar og utan.

Fagráð skal taka þátt í að móta faglega heildarstefnu Reykjalundar í málum er varða endurhæfingu.

Fagráð hvetur til að endurhæfing á Reykjalundi sé byggð á gagnreyndri þekkingu þar sem markmiðið er að veita árangursríka endurhæfingu.

Fagráð lætur sig varða gæði þjónustu Reykjalundar, með því að vera þverfaglegur vettvangur umræðna og ályktana um málefni sem varða meðferð sjúklinga og faglegum þáttum starfseminnar, þar með talið:

Fræðslu, viðhalds- og framhaldsmenntun fagstétta.

Vísinda- og rannsóknarvinnu, í samvinnu við vísindaráð.

Skráningu og meðferð sjúkragagna.

Önnur fagleg málefni er varða starfsemi, starfsmenn, starfsmannahald og umhverfi Reykjalundar.

Fagráð getur verið stjórnendum heilbrigðismála utan Reykjalundar til ráðuneytis.

Skipan fagráðs og starfshættir:

Í fagráði eiga sæti með fullum réttindum fulltrúar allra heilbrigðisstétta sbr. lög nr. 40 frá 27. mars 2007, auk annarra fagstétta sem koma beint að endurhæfingu sjúklinga á Reykjalundi.

Hver fagstétt tilnefnir eða kýs einn fulltrúa í fagráð. Í fagráði sitja fulltrúar frá eftirtöldum fagstéttum: Félagráðgjöfum, heilsuþjálfurum, hjúkrunarfræðingum, iðjuþjálfurum, læknum, næringarfræðingum, sálfræðingum, sjúkraliðum, sjúkráþjálfurum og talmeinafræðingum. Tveimur vikum fyrir aðalfund þarf hver fagstétt að vera búin að velja fulltrúa í fagráð. Hætti fulltrúi á miðju tímabili þarf viðkomandi fagstétt að tilnefna annan í hans stað.

Móttaka erinda:

Sé álits eða umfjöllunar fagráðs óskað skal erindi sent skriflega til fulltrúa fagráðs á eftirfarandi netfang fagrad@reykjalundur.is, og verður því svarað skriflega.

Verkaskipting:

Fagráð skal kjósa sér þriggja manna stjórn á tveggja ára fresti. Stjórnarkjör skal fara fram á aðalfundi í maí. Stjórn skipa formaður, varaformaður og ritari. Enginn má sitja í stjórn lengur en tvö kjörtímabil í senn.

Formaður er málsvari fagráðs, boðar til funda og sér um yfirstjórn á málefnum fagráðs milli funda.

Varaformaður er staðgengill formanns.

Ritari ritar fundargerðir og gerir þær aðgengilegar á innra neti Reykjalundar.

Fagráði er heimilt að kjósa einn eða fleiri úr ráðinu til að annast einstök verkefni í lengri eða skemmri tíma og ber þeim að skila skriflegum niðurstöðum.

Aðalfundur:

Aðalfundur er æðsta ákvörðunarvald í málefnum fagráðs. Hann skal haldinn í maímánuði ár hvert og boðað til hans með tveggja vikna fyrirvara með tölvupósti. Aðalfundur er löglegur ef að minnsta kosti sjö af tíu fulltrúum eru viðstaddir. Formaður setur fundinn og tilnefnir fundarstjóra og fundarritara. Í kosningum milli manna ræður hlutkesti ef atkvæði falla jöfn. Hætti stjórnarmaður áður en kjörtímabili lýkur kjósa fulltrúar annan í staðinn fram að næsta aðalfundi og þarf meirihluti að samþykkja kosninguna.

Breytingar á starfsreglum fagráðs má einungis gera á aðalfundi og skoðast samþykktar ef 2/3 fundarmanna samþykkja þær.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

Skýrsla stjórnar.

Kosning stjórnar.

Breytingar á starfsreglum.

Önnur mál.

Almennir fundir:

Fagráð skal funda eigi sjaldnar en mánaðarlega, þó ekki frá 1. júní – 1. ágúst nema nauðsyn beri til. Stjórn boðar til fundar með tölvupósti.

Almenna fundi þurfa að sitja formaður/varaformaður og er fundurinn ályktunarfær ef helmingur fulltrúa er viðstaddur. Í fjarveru ritara skal kosinn ritari á fundinum og fundargerð send kosnum ritara. Við afgreiðslu mála ræður einfaldur meirihluti atkvæða.

Aukafundur er haldinn ef að minnsta kosti þrír fulltrúar, eða tveir stjórnarmenn óska þess.

Starfsreglur þessar voru kynntar og samþykktar af forstjóra Reykjalundar.

Dags_____ Undirskrift _____